



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir <margretr@akureyri.is>
Re: Akureyrarflugvöllur deiliskipulagsbreyting - beiðni um umsögn
Sent: 13.11.2018 11:57:53 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018110001, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2018110001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Akureyrarbæ, dags. 31. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Akureyrarflugvöll.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að girðing og stígur verði flutt. Stofnunin telur að framkvæmdir eigi að fara fram utan varptíma, að raski verði haldið í algjöru lágmarki, sérstaklega í votlendi (t.d. virðist gömul slóð vera ekki langt þar frá þar sem fyrirhugað er að hafa göngubrú og líklega hægt að nýta), og leggur til að það land sem eldri stígar liggja um verði endurheimt. Minnt er á að svæði er á náttúruminjaskrá nr. 510 og telst einnig til mikilvægra fuglasvæða sbr. bls. 216 í fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Margrét Mazmanian Róbertsdóttir <margretr@akureyri.is>
Date: 10/31/2018 01:53:19 PM
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Subject: Akureyrarflugvöllur deiliskipulagsbreyting - beiðni um umsögn

Beiðni um umsögn á tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Akureyrarflugvöll.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar þann 2. ágúst 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar, í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið felur í sér að girðing við suðurenda flugbrautar er framlengd beint í austur út

að Eyjafjarðará sem einnig felur í sér færslu á reiðleið/gönguleið yfir Eyjafjarðará.

Óskað er eftir umsögn á tillöguninni og að umsögnin berist sem fyrst.

Með kveðju

=====

Margrét M. Róbertsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar Geislagötu 9, 600 Akureyri

sími: 460 1144

Netfang: margretr@akureyri.is

=====